



Vitrænar breytingar í parkinsonsveiki

Smári Pálsson, taugasálfræðingur
Tauga- og hæfingarsviði
Reykjalundi

Parkinsonsveiki

- Í gegnum tíðina hefur aðal áhersla verið lögð á líkamleg einkenni
- Í dag er vel þekkt að vitræn og geðræn einkenni fylgja gjarnan parkinsonsveiki

Geðræn einkenni

- Talið að um 20-40% fólks með parkinsonsveiki sé þunglynt
- Önnur geðræn einkenni nokkuð algeng eins og ofskynjanir


Parkinsons heilabilun

- Talað um heilabilun þegar vitræn skerðing er farin að trufla athafnir daglegs lífs
- Tíðni heilabilunar í parkinsonsveiki er misjöfn á milli rannsókna
 - Virðist að um 20-60% fái einhverskonar heilabilun
(t.d. Aarsland et al., 1996)



REYKJALUNDUR
endurhæfing

Samspil þátta



Endurmenntun HÍ
Mars 2008

Smári Pálsson
Taugasálfræðingur

Vægar vitrænar breytingar vs. heilabilun



- Fjalla hér um vitrænar breytingar í kjölfar parkinsonsveiki sem ekki flokkast sem heilabilun



REYKJALUNDUR
endurhæfing

Vitræna skerðing

- Rannsóknir benda til að fjórðungur af nýgreindum parkinsonssjúklingum séu með skerta frammistöðu á taugasálfræðilegum prófum

(Neurology, okt 2005)

- Eftir því sem sjúkdómurinn þróast þá eykst hlutfall þeirra sem mælast með væga til talsverða vitræna skerðingu

(Parkinsonism and related disorders, 2007)

Vitræn skerðing í parkinsonsveiki

- Virðist ágerast smátt og smátt
 - Þá er algengt að í upphafi aðlagi fólk sig ómeðvitað að breytingum
- Munurinn á vægri vitrænni skerðingu og svo heilabilun virðist frekar spurning um hversu mikil einkenni heldur en hvaða einkenni

Vitræn skerðing

- Stýritruflanir (executive functioning)
 - Yfirleitt þau vitrænu einkenni sem eru mest áberandi hjá parkinsonssjúklingum sem ekki flokkast sem heilablaðir
(t.d. Vingerhoets et al., 2003)

Áhrif vitrænnar skerðingar á daglegt líf



- Erfiðleikar með virkni í daglegu lífi hefur fylgni við stýritruflanir mældar á taugasálfræðilegum prófum
(Koven o.fél. 2007)
- Annars virðist lítið af upplýsingum til um hvaða erfiðleika í daglegu lífi þeir sem mælast með vitræna skerðingu eru að upplifa

Hvaða áhrif hefur þetta á daglegt líf



- Verri skipulagning
- Verri tímastjórnun
- Truflast auðveldlega
- Hvatvísi – æða úr einu í annað

Aðrar truflanir á vitrænu starfi

- Skert einbeiting
 - Geta ekki einbeitt sér að mörgu í einu
 - Geta ekki einbeitt sér nema stutta stund
 - Geta ekki útilokað áreiti í umhverfi



Áhrif vitrænnar skerðingar á akstur



- Vitræn skerðing á taugasálfræðilegum prófum hefur fylgni við lakari akstursgetu
 - Meiri fylgni heldur en skert hreyfigeta
(Brain, sept 2007; JINS, okt, 2005)

Áhrif vitrænnar skerðingar á akstur

- Parkinsonsjúklingar viðkvæmari fyrir truflun við akstur en viðmiðunarrhópur
(Neurology, nóv 2006)




Minni

- Vistun
 - Hæfileikinn til að læra
 - Koma upplýsingum fyrir í „minnisbankanum”



Minni

- Geymsla
 - Hvernig varðveitast upplýsingarnar í minnisbankanum
 - Hægt að athuga hvort upplýsingar séu ennþá til staðar



Minni

- Endurheimt
 - Það að kalla upplýsingarnar úr minnisbankanum
 - Vísbendingar hjálpa parkinsonsjúklingum að rifja upp



Aðrar truflanir á vitrænu starfi



- Sjónúrvinnsla
- Vinnsluhraði – hugræn hæging (bradyphrenia)
- Stýritruflanir hafa einnig áhrif á ofangreind vitræn einkenni

Annað sem virðist hafa fylgni við vitræna skerðingu

- Ofskynjanir
 - sérstaklega þegar þær eru það miklar að flokkist sem heilabilun (t.d. Wada-Isoe et al., 2008)
- Svefntruflanir og sípreyta (McKinlay et al, 2008)
 - vitræn skerðing virðist fara saman við *REM sleep behavior disorder* (REM-RBD) hjá parkinsonssjúklingum sem ekki voru með heilabilun (Marquez et al. 2007)



REYKJALUNDUR
endurhæfing

Vitræn skerðing

- Hafa þarf í huga að geðræn einkenni eins og þunglyndi útiloka ekki að um vitræna skerðingu geti verið að ræða
 - fer oft saman
- Óljósar eða litlar kvartanir sjúklings geta bent til skerts innsæis eða skorts á yfirsýn

Vitræn skerðing hefur áhrif á fjölskyldu



- Sjúklingur
 - Líkamleg breyting
 - Geðræn breyting
 - Vitræn breyting
- Aðstandandi
 - Andleg breyting
 - Líkamleg breyting
 - Vitræn breyting?

(Janvin et al., 2003)

Takk fyrir